



Jafnréttisáætlun

Leikskólinn Laugalandi

2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Markmið með jafnréttisáætlun leikskólans á Laugalandi	3
Stefna Leikskólans Laugalandi í jafnréttismálum eru:.....	3
Börn.....	4
Starfsfólk	5
Launajafnrétti:	6
Laus störf:	6
Forvarnir:.....	6
Kynjasambætting og fjölmennning	7

Inngangur

Jafnréttisáætlun Leikskólans Laugalandi nær til jafnréttis kynjana samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess sem hún tekur til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 11/1993.

Jafnréttisáætlun leikskólans á við um börn, foreldra og starfsfólk leikskólans og á að tryggja að jafnrétti nái til allra í leikskólasamfélaginu. Stefnt er að allir aðilar njóti jafns réttar án tillits til kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og/eða kynhneigðar. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Leggja skal áherslu á góðan anda innan leikskólasamfélagsins sem hvetur til góðra og skapandi verka.

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“

Lögð er áhersla á að komið sé fram við allt fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Lögð er áhersla á að í leikskólanum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúabragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Markmið með jafnréttisáætlun leikskólans á Laugalandi

1. Að leikskólinn vinni markvisst að jafnrétti í samræmi við lög, samninga og almenna mannréttindasáttmála.
2. Að kennslu- og starfshættir leikskólans endurspegli jafnréttisviðmið.
3. Að vinnulag og fræðsla starfsmanna samræmist jafnréttislöggjöf á hverjum tíma.
4. Að innan leikskólans sé unnið að jafnréttisverkefnum með börnum sem auka þekkingu þeirra á jöfnum rétti allra.

Markmið jafnréttisáætlunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Eins og áður hefur komið fram þá tekur jafnréttisáætlun leikskólans á Laugalandi mið af lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr 10/2008 en markmið þessara laga eru:

„að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Að auki skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Stefna Leikskólans Laugalandi í jafnréttismálum eru:

Í leikskólanum er ýtt undir jafnrétti kynjana á sem fjölbreyttastan hátt. Við komum fram við alla, kennara, börn, starfsmenn og foreldra með virðingu. Sýnum traust og trúnað, hlýlegt og glaðlegt viðmót og kurteisi. Við stuðlum að og ýtum undir að þess sé gætt að jafnrétti ríki í öllu starfi leikskólans. Kynjasambætting er höfð að leiðarljósi í allri skipulagningu og í stefnu leikskólans. Við leggjum áherslu á jákvætt og gott andrúmsloft sem hvetur til samráðs og góðra skapandi verka.



Börn

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn kynjamismunun og einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn þessum þáttum. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti og/eða kynjamismun á einhvern hátt. Leikskólinn á gott kennsluefni til forvarna en með því gefst börnum tækifæri til að æfa og tileinka sér færni í mannlegum samskiptum og læra jafnframt að bera þá virðingu fyrir öðrum. Í jafnréttisáætlun skal sérstaklega koma fram markmið og settar fram leiðir til að uppfylla skilyrði um eftirfarandi í 22. og 23 .gr 10/2008.

Fræðsla um jafnréttismál: fræða um störf og kynna fyrir börnum og sýna þeim að störfín eru ekki bundin einu kyni fremur en öðru. Fara í vinnustaðaheimsóknir og sjá bæði konur og karla vinna ólík störf. Kynna börnin fyrir mismunandi uppruna, litarháttum og menningu.

Námsgögn: Námsgögn skulu ekki vera sérstaklega beint að öðru kyni fremur en hinu. Leitast við að bjóða upp á námsgögn sem bæði kynin hafa gagn og gaman af og eru ekki markaðssett í þjóðfélaginu fyrir bara annað kynið. Notum opin efnivið og hvetjum til sköpunar.

Kynbundin áreitni: mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvað í þessu orði felst og vera með opin augu og eyru fyrir samræðum barnanna og athugasemdum þeirra til hvers annars. Það er ekkert til sem heitir stelpuleikir og /eða strákaleikir, útrýma þessum frösom. Allt ofbeldi og athugasemdir eru teknar alvarlega og unnið úr þeim í samráði við börnin og með þeim og foreldrar kallaðir til ef þess þurfa þykir.

Allir hafa tækifæri: Horfa ávallt í styrkleika frekar en kyn og hvetja þau til að leika sér saman, fá þau til að horfa á og nýta kosti og styrkleika hvers annars.

Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að:

- ❖ Stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra
- ❖ Leggja áherslu á að báðir foreldrar mæti í foreldraviðtöl
- ❖ Hringja jafnt í föður og móður ef eitthvað er
- ❖ Beina upplýsingum til beggja foreldra

Starfsfólk

Leikskólinn Laugalandi stuðlar ávallt að jafnrétti kynjanna og leggur með því grunn að velferð einstaklinga, barna, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Lýðræði er mikilvægt og þess ber að gæta að þátttaka beggja kynja í stefnumótun og ákvarðanatöku sé jöfnust og sjónarmiðum þeirra gert jafn hátt undir höfði. Samfélagið þarf á starfskröftum beggja kynja að halda og mikilvægt er að leikskólinn stuðli að því að kynin hafi jafnan rétt í samfélaginu sem hefur áhrif á hag og vellíðan fjölskyldna og annarra einstaklinga

Launajafnrétti:

Ávallt skal gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf. Laun starfsmanna taka mið af kjarasamningum viðkomandi starfsmanns. Launin fara eftir aldri, menntun, starfsreynslu og vinnutíma. Leikskólastjóri ber ábyrgð ásamt launafulltrúa sveitarfélagsins á því að jafnræði sé ávallt gætt. Leikskólastjóri fer yfir laun starfsmanna og samþykkir í hverjum mánuði.

Laus störf:

Gæta þarf jafnræðis í auglýsingum, auglýsingar eru ekki gerðar kynbundnar.

Leikskólastjóri gerir allar auglýsingar um laus störf og sér einnig um að auglýsingarnar séu gerðar og framsettar með jafnréttislög í huga.

Forvarnir:

Kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki á leikskólanum Laugalandi og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Þegar ráðið er í störf innan leikskólans skulu stjórnendur kynna eineltisstefnu skólans fyrir starfsmanninum, hún er í starfsmannahandbók. Stjórnendum ber skylda að vera meðvitaðir um og upplýsa starfsmenn að kynferðislegt/kynbundið áreiti líðst ekki á vinnustaðnum. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, og/eða viðkomandi deildarstjóra. Stjórnendur skulu



reglulega halda fræðandi og hagnýtar umræður fyrir starfsfólk sem stuðlar að fyrirbyggjandi áreiti bæði hvað varðar börn og fullorðin. Þá skulu stjórnendur stuðla að því að vera í góðu sambandi við starfsfólkið því þannig má koma í veg fyrir að einelti í hvaða mynd sem er eigi sér stað.

Kynjasambætting og fjölmennning

Leikskólinn hugar að kynjasambættingu og fjölmenningu við alla starfsáætlanagerð og námsefnisgerð í starfi leikskólans eins og kostur er. Allt starfsfólk leikskólans á að vera meðvitað um jafnrétti og hafi kynjasambættingu og fjölmenningu í huga í öllu starfi og samstarfi við foreldra sem og aðrar stofnanir.

Leikskólinn sér til þess að árlega verði rætt um jafnrétti í víðu samhengi og nýtt starfsfólk uppfrætt um stefnu skólans í jafnréttismálum. Leikskólinn fræðir einnig starfsfólk reglulega um jafnréttislög. Starfsfólk á að nýta fjölbreyttann bókakost og leikefni sem sýna bæði kyn í fjölbreyttum hlutverkum bæði í leik, starfi og einnig heima. Leikskólastjóri sér um allt starfsfólk sé meðvitað og lesi sér til um stefnu skólans.